



2020



FORSENDUR REKSTRAR

rekstraráætlun og forsendur - 15. febrúar 2020

PEKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

Rekstrar og starfsáætlun 2020

All nokkrar breytingar verða á starfseminni árið 2020 en þær breytingar stafa fyrst og fremst af því að tekin var ákvörðun í samráði við Vestmannaeyjabæ að framlengja ekki samning um rekstur Sagnheima byggðasafns. Þar sem að rekstri Sæheima, fiskasafns var hætt á árinu 2019 og ný sýning opnuð á vegum Sea Life Trust þótti eðlilegt að færa rekstur Sagnheima aftur til Vestmannaeyjabæjar. Reksur safnanna gekk vel en ekki þótti rekstrarlega hagkvæmt að vera með bara annað safnið undir umsjón ÞSV. Þekkingarsetrið mun áfram leggja áherslu á gott samstarf við Sagnheima og þá fræðastarfsemi sem þar fer fram þrátt fyrir að safnasvið fari nú út úr skipuriti ÞSV.

Staða megin samninga

Auk leigu- og þjónustusamninga starfar ÞSV samkvæmt samningum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (Tafla 1), líkt og fram hefur komið eru þjónustusamningar við Vestmannaeyjabæ um rekstur safna ekki endurnýjaðir.

Samningur var gerður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið við stofnun ÞSV um grunnrekstur og ákveðna þjónustu. Samningurinn var endurnýjaður síðast árið 2014 en hefur verið framlengdur tvisvar með viðaukum sem nú gildir til 31.12.2019. Í Fjárlögum 2020 er gert ráð fyrir 3,4% hækkun á samning og er framlag ríkisins því 30,7 milljónir

Þekkingarsetrið hætti rekstri Sæheima í mars 2019 þar sem að ný sýning á vegum Sea Life Trust var opnuð. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að færa rekstur Sagnheima aftur til Vestmannaeyjabæjar þar sem samlegðaráhrifin af því að reka tvö söfn voru ekki lengur fyrir hendi og því ekki rekstrarlega hagkvæmt að ÞSV reki Sagnheima og ekki Sæheima. Þekkingarsetrið mun því ekki annast rekstur safnanna sem kallar á endurskoðun á skipuriti og nýjar áherslur.

Samningur við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) um atvinnuráðgjöf sem jafnframt er frá árinu 2016 er í gildi og tekur breytingum samkvæmt vísitölu.

Í lok árs 2019 voru alls 15 leigu- og þjónustusamningar við samstarfsaðila með aðstöðu innan ÞSV. Áform eru uppi um að opna að nýju Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands með aðstöðu í Þekkingarsetrinu og því verða alls 16 lögaðilar með starfsemi innan ÞSV og alls um 30 starfsmenn með aðsetur á 2. hæð að Ægisgötu 2.


Tafla 1. Verðmæti samninga.

SAMINGSADILAR	FLOKKUR	BREYTING	ÁÆTLUÐ UPPHÆÐ 2020
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Grunnrekstur- þjónusta	+3,4%	30,7 milljónir
Samtök Sunnlenskra Sv.	þjónusta	+1,9%	11 milljónir
Samstarfsaðilar/leigutakar ²	Leigu-, rekstrar og þjónustusamn.	+1,8	44,1 milljónir

Starfsmannavelta

Ljóst er að þar sem að þSV mun ekki annast rekstur safnanna að þá verður safnasviðið lagt niður. Starfsmenn safnanna fóru yfir til nýrra rekstraraðila, starfsmenn Sæheima fóru yfir til Sea Life Trust og starfsmenn Sagnheima fóru yfir til bæjarins. Gert er ráð fyrir að stöðugildi hjá þSV á árinu 2020 verði alls 5,5 og starfa þeir á Kjarnasviði og Stoðsviði.

Stefnt er að því að vera áfram með heilt stöðugildi í móttöku en viðkomandi mun jafnframt annast kaffistofu. Starfsmaður í ræstingum og þrifum mun því ekki vera með kaffistofuna en ofan á hennar verkefni bætast þrif í sameign hússins að Ægisgötu 2.



Mynd 1. Hlutverk sviða og starfsmenn. Framkvæmdastjóri, skrifstofu- og þjónustustjóri, umsjónarmaður og verkefnastjóri ásamt þjónustufulltrúa eru í grunnin undir Kjarnasviði en starfa einnig undir Stoðsviði og Safnasvið. ¹ Stjórn: Arnar Sigurmundsson, form.; Brynhildur Davíðsdóttir; Ívar Atlason; Njáll Ragnarsson; Páll Guðmundsson; Sigurður Guðjónsson og Sæunn Stefánsdóttir. ² Framkvæmdastjórn: Arnar Sigurmundsson; Ívar Atlason og Páll Marvin Jónsson.

Rekstur sviða

Kjarnasvið

Sviðið fer með stjórnun, mannhald, umsjón, bókhald og rekstur húsnæðis að Ægisgötu 2 ásamt því að þjónustuskrifstofa með stuðningi við aðrar stofnanir er rekin innan Kjarnasviðs (Mynd 1).

Heildar tekjur sviðsins eru áætlaðar 78 milljónir og eru tekjustofnarnir annarsvegar samningur við Menntamálaráðuneytið, leigutekjur og ýmsar þjónustu- og umsýslutekjur. Samningurinn við Menntamálaráðuneytið var endurnýjaður síðast 2. júlí 2014 með gildistíma í þrjú ár. Viðaukar fyrir áframhaldandi samstarf hafa verið undirritaðir fyrir bæði 2018, 2019 og 2020. Samningarnir taka mið af fjárlögum hvers árs. Framlag vegna samningsins hækkar um 2,4% milli árunna 2018 og 2019 og verður kr. 30,7 milljónir (Tafla 2). Heildar kostnaður Kjarnasviðs með þjónustuskrifstofu er áætlaður 76 milljónir. Afkoma sviðsins með þjónustuskrifstofu er því um 2 milljónir en rekstur hennar er sundur liðaður hér að neðan. Sjá einnig töflu 4, afkoma sviða.

Þjónustuskrifstofa

Samanlagðar tekjur þjónustuskrifstofu af leigutökum eru áætlaðar 49,1 milljón og samanlagður kostnaður 48 milljónir. Rekstur þjónustuskrifstofu samanstendur af húsaleigu, tekjum vegna út lagðs rekstrarkostnaðar, almenn þjónusta til leigutaka eins og húsvarsla, móttaka og þrif, ýmis sérgreind þjónusta sem veitt er til ákveðinna stofnanna og loks sameiginleg kaffistofa (Tafla 2).

Húsaleiga. Tekjur vegna húsaleigu að Ægisgötu 2 hækka í 19,2 milljónir sem stafa fyrst og fremst af vísitölu hækkunum en leigutekjur hækka í takt við hækkun grunnleigu hjá Vm.bæ á allri hæðinni. Leigan tekur breytingum á sex mánaða fresti. Hækkunin fyrstu sex mánuði ársins er 0,9% og er áætluð hækkun síðari sex mánuði ársins 1%. Leigukostnaður sem greiðist til Vestmannaeyjabæjar verður 21,7 milljónir á árinu 2020. Mismunur á leigutekjum og kostnaði eru leigugjöld ÞSV vegna þeirrar aðstöðu sem starfsemin tekur undir sig að Ægisgötu 2. Kostnaður vegna húsaleigu ÞSV er því 2,5 milljónir á árinu eða 208 þúsund á mánuði (Tafla 2).

Rekstur húsnæðis. Rekstrarkostnaður er hiti, vatn, rafmagn, sorp og ræsting. Rauntölur vegna hita og rafmagnskostnaðar fyrir árið 2019 reyndist nokkuð lægri en gert var ráð fyrir miðað við áætlanir. Það stafar fyrst og fremst af því að á árinu á undan sem var til viðmiðunar var árið sem flutt var inn í húsnæðið og voru miklar framkvæmdir í húsinu. Í áætlunum fyrir 2020 er þó gert ráð fyrir hækkun á útsendum reikningum til leigutaka. Á fyrstu sex mánuðunum nemur hækkunin 1,2% og gert er ráð fyrir 1% hækkun fyrir seinni hluta ársins. Heildar lostnaður er áætlaður 6,97 milljónir sem skiptist í rafmagn og hita 3 millj. og hreinlætisvörur, þrif og sorp 3,97 millj.

Rekstrarliður	Kr. Þús
Rafmagn og hiti	3.000
Hreinlætisvörur	300
Sorpeyðing	400
Þrif (launakostnaður)	3.270
Samtals kostnaður reksturs	6.970

Þetta þýðir að hlutur leigutaka í rekstrarkostnaði verður um 6,72 milljónir og hlutur ÞSV lækkar töluvert milli ára eða verður um 250 þúsund.

Þjónusta. Þjónustan sem ÞSV veitir fyrirtækjum og stofnunum innan ÞSV skiptist annarsvegar í sameiginlega þjónustu og hinsvegar í sérgreinda þjónustu. Sameiginleg þjónusta greiðist af öllum í

hlutfalli við stærð rýmis en sérgreind þjónusta er vinna samkvæmt samningum fyrir ákveðna aðila. Þeir aðilar sem kaupa sérgreinda þjónustu eru Beluga Opertaing Company, Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja og Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð. Tekjur af útseldri sameiginlegri þjónusta er áætluð 6,9 milljónir (án hlut ÞSV) en sérgreind þjónusta rúmar 4 milljónir. Þjónustutekjur alls eru því 10.9 milljónir.

Húsfélagið Æ2. Þekkingarsetur Vestmannaeyja annast húsvörslu, þrif og reikninga húsfélagsins að Ægisgötu 2. Fyrir þá vinnu greiðir húsfélagið kr. 120 þúsund á mánuði eða rúmar 1,44 milljón. Kostnaðarhluti ÞSV í húsfélagi er hinsvegar 47 þúsund á mánuði eða 654 þúsund á ári (Tafla 2).

Strandvegur 50. Þann 1. október 2019 var gerður samningur við Vestmannaeyjabæ og Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum um umsjón og áframleigu á annarri og þriðju hæð Strandvegar 50. Tilgangur samningsins var fyrst og fremst að veita Lista- og menningarfélagi Vestmannaeyja aðstöðu til að vinna að listsköpun ýmiskonar í Vestmannaeyjum og þannig mynda einskona klasa með áherslu á skapandi greinar. Þar sem að húsnæðið að Strandvegi 50 var og er enn í söluferli var samningurinn tímabundinn eða til 1. september 2020. ÞSV greiðir kr. 750 fyrir fermetrann og áframlegir Lista- og menningarfélagi Vestmannaeyja aðstöðuna með samningi með sama gildistíma. Leigan er tengd nýtingarhlutfalli og verð á fermetra er kr. 1 þúsund. Áætlaðar tekjur af samningi við Lista- og menningarfélagið eru 3,0 milljón en leigukostnaður er áætlaður um kr. 2,2 milljónir (Tafla 2). Eftir sitja um 800 þúsund í húsvörslu og aðrar umsýslu.

Kaffistofa. ÞSV tók við rekstri á sameiginlegri kaffistofu af starfsmannfélagi ÞSV á síðasta ári. Mánaðargjald fyrir einn starfsmann (kaffi og morgunbrauð) verður fyrir árið 2020 kr. 6.000 en fyrir bara kaffi er það kr. 3000. Tekjurnar færast sem þjónustugjöld vegna kaffistofu og rukkast með útsendum leigu-, rekstrar- og þjónustureikningum ÞSV. Gert er ráð fyrir að um 40 starfsmenn og nemendur nýti sé kaffistofuna að jafnaði yfir árið. Heildartekjur vegna Kaffistofu eru áætlaðar 2,4 milljónir og heildarkostnaður kr. 2,2 milljónir.



Tafla 2. Rekstur þjónustuskrifstofu

Þjónustuskrifstofa, hlutur ÞSV og raun tekjur	Hlutur ÞSV	Rauntekjur
Leiga	2.466.837	19.204.754
Rekstur	247.192	6.722.808
Sameiginleg þjónusta	2.173.500	6.871.500
Sérgreind þj.	-	4.050.929
Kaffistofa (með ÞSV)		2.400.000
Póstur-ljósritun ofl.		400.000
Þjónusta við húsfélagið Æ2 (netto)		1.440.000
Útleiga á Strandvegi 50 (nettó) í 9 mánuði		3.014.000
Samtals tekjur	4.887.529	44.103.991
Samtals tekjur með reiknuðum hlut ÞSV		48.991.520
Þjónustuskrifstofa kostnaður		Kostnaður
Húsaleiga Æ2		21.671.591
Rekstur til þriðja aðila		6.970.000
Sameiginleg þjónusta		9.045.000
Sérgreind þj.		4.050.929
Húsaleiga S50		2.235.500
Kaffistofa		2.200.000
Greitt fyrir starfsm. í kaffist. (m. tekjur í kaffistofu)		504.000
Húsfélagsgjöld Æ2		564.000
Póstur-ljósritun ofl.		700.000
Samtalstekjur		47.941.020
Raunafkoma þjónustuskrifstofu		- 3.837.029
Afkoma með reiknuðum hlut ÞSV		1.050.500

Stoðsvið

Stoðsvið hefur það hlutverk að vera stuðningur við atvinnulífið í formi ráðgjafar, rannsókna og fræðslu. Undir sviðið fellur samningur við SASS en gert er ráð fyrir að samningurinn skili tekjum upp á 11 milljónir (Tafla 1&3). Tekjur vegna rannsóknabáta og aðstöðu eru áætlaðar 4 milljónir en þar vegur stærst rannsóknir á háhyrningum við Vestmannaeyjar og ýmis þjónustuverkefni við Vegagerðina. Tekjur vegna sérverkefna eru áætlaðar 5,5 milljónir en þar ber hæðst samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ um gerð atvinnustefnu fyrir Vestmannaeyjabæ og hins vegar áhersluverkefni hjá SASS sem snýr að úthafsfiskeldi við Vestmannaeyjar. Einnig er sjódæla rekinn undir Stoðsviði en áætlaðar tekjur af henni vegna afhendingu á sjó til Sealife eru 1,8 milljón og kostnaður á móti er áætlaður 0,96 millj. sem gera um kr. 0,84 milljón í tekjur. Heildartekjur á Stoðsviði eru því áætlaðar um 24,9 milljónir.

Kostnaður sem fellur á sviðið er launakostnaður vegna rannsókna og atvinnuráðgjafar sem tengist samningum við SASS, rekstrarkostnaður á rannsóknarbátum og beinn kostnaður við sérverkefni (án launakostnaðar). Einnig fellur til kostnaður vegna erinda sem haldin eru í tengslum við atvinnulífið í Vestmannaeyjum og þá sérstaklega sjávarútveginn. Heildarkostnaður á Stoðsviði er áætlaður 26,1 milljónir sem þýðir að sviðið er í raun rekið með 1,2 milljón krónu halla (Tafla 3&4).

Tafla 3. Rekstraráætlun 2020


Tekjur	
Framlög frá ríki	30.700.000
Leiga (með ÞSV hluta)	21.671.591
Rekstur (með ÞSV hluta)	6.970.000
Sameiginleg þjónusta (með ÞSV hluta)	9.045.000
Sérgreind þj.	4.050.929
Framlög SASS	11.000.000
Kaffistofa (með ÞSV)	2.400.000
Aðrar tekjur	
Póstur-ljósritun ofl.	400.000
Sjódæling til Beluga ((150.000-80.000)x12)	1.800.000
Þjónusta við húsfélagið Æ2 (netto)	876.000
Útleiga á Strandvegi 50 (nettó) í 9 mánuði	778.500
Tekjur af bátum	4.000.000
Bætur á tjóni á Gunnjón - (sjálfsábyrgð)	2.600.000
Ýmis verkefni	5.500.000
Fjármagnstekjur	1.000.000
Alls tekjur	102.792.020

Kostnaður			
Laun og launatengd gjöld (5,5 stöðugildi)		10.363.636	57.000.000
Laun og launatengd gjöld (í útseldri þjónustu+ kaffistofa)		-	16.365.929
Netto launa og launatengd gjöld			40.634.071
Húsaleiga	ÞSV	2.466.837	21.671.591
Rekstur til þriðja aðila	ÞSV	247.192	6.970.000
Sameiginleg þjónusta	ÞSV	2.173.500	9.045.000
Sérgreind þj.	ÞSV	-	4.050.929
Hlutur ÞSV í leigu, rekstri og þjónustu			4.887.529
Kaffistofa			2.200.000
Greitt fyrir starfsm. í kaffist. (m. tekjur í kaffistofu)			504.000
Aðkeypt þjónusta			1.600.000
Viðhald húsnæðis			800.000
Rekstur tölvukerfis			1.500.000
Viðhald áhalda og tækja			1.200.000
Gjaldfærð áhöld og tæki			1.500.000
Viðhald og rekstur báta			1.000.000
Beinn Kostnaður við verkefni			2.500.000
Sjódæling til Beluga ((150.000-80.000)x12)			960.000
Annar kostnaður			1.000.000
Alls kostnaður			102.023.120
Afkoma ársins			768.900

Rekstrarniðurstaða heildar og afkoma sviða

Þó svo að Safnasvið sé nú alveg farið út úr rekstri þá eru áætlaðar heildartekjur á árinu, kr. 102 milljónir sem deilast á Kjarnasvið 77,9 milljónir og Stoðsvið 24,9 milljónir. Heildar kostnaður sviðanna er áætlaður 102 milljónir sem skiptist á kjarnasvið 76 milljónir og Stoðsvið 26 milljónir. Afkoma ársins er áætluð tæpar 0,8 milljónir.

Kjarnasvið	Tekjur alls	77,892,020
	Kostnaður alls	- 75,963,120
	Niðurstaða	1,928,900
Stoðsvið	Tekjur alls	24,900,000
	Kostnaður alls	- 26,060,000
	Niðurstaða	- 1,160,000



Vestmannaeyjum, 15.2. 2020

Páll Marvín Jónsson
framkvæmdastjóri ÞSV